

(B. XI, 2).

**Nd.**

**62. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám laga nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað þetta frumvarp og kynt sjer óskir þær, er komið hafa frá hjeraðsmönnum út af þessu máli.

Sýslunefnd Árnessýslu hefir haft það til meðferðar á síðasta fundi sínum, er haldinn var í öndverðum þessum mánuði, og var þar samþykkt tillaga, meðal annars, er hnje að því, að hafa friðunartímann, er laxveiðiár standa opnar, 48 kl.st. á viku og lengja veiðitímann um einn mánuð.

Þetta frumvarp fer nú ekki fram á annað en að fella úr gildi heimildina, er veitt var í fyrra fyrir Ölfusá, að net mættu altaf liggja, án þess að taka þau nokkurn tíma upp, allan veiðitímann, og er meiri hluti nefndarinnar þeirrar skoðunar, að slík veiðiaðferð sje ekki heppileg.

Eins og kunnugt er, er nýbyrjað laxa- og silungaklak á allmörgum stöðum við árnar, er í Hvítá falla. Er slík viðleitni lofsverð og á fremur skilið stuðning af hálfu löggjafarvaldsins en hitt.

En þykist þeir, er laxaklakið stunda, sjá fram á, að starfsemi þeirra beri engan árangur, fyrir því hvað setið er fyrir laxinum neðst í ánni, er auðsætt, að þeir hætta algerlega við laxaklakið, og væri það illa farið.

Enn ber þess að geta, að fá löginn frá í fyrra að standa, þá hefir komið til orða meðal nokkurra manna að búa til margar og miklar lagnir nærri ósum Ölfusár til að taka laxinn þar. Slíkt er, ef til kæmi, hin mestu veiðisþjöll, sem nú þegar verður að koma í veg fyrir.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því háttvirtri deild eindregið til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 28. febr. 1924.

Jörundur Brynjólfsson,  
framsögumaður.

Jón Baldvinsson,  
fundaskrifari.

Jón Kjartansson.